

Fréttabréf

Hörgárbyggðar

5. tbl., 7. árg., 3. mars 2007 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 Athafnasvæði við vegamót hringveggar og Blómsturvallavegar

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar auglýsir skv. 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018. Gerð er tillaga um stækkun athafnasvæðis við vegamót hringveggar og Blómsturvallavegar og að það verði skilgreint sem athafna-, verslunar- og þjónustusvæði. Sveitarstjórn bætir það tjon sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Tillagan hefur verið send sveitarstjórnnum sem aðild eiga að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar til kynningar. Tillagan verður send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra til lokaafgreiðslu.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna geta snúið sér til sveitarstjórnarskrifstofu Hörgárbyggðar.

Sveitarstjóri Hörgárbyggðar

Söfnunardagur á heyrúlluplasti (baggaplasti)

er 12. mars 2007

**Minnt er á að alls ekki má setja baggaplast í
gáma fyrir almennan úrgang**

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

Ódýrt í leikskólanum Álfasteini

Vegna breytinga á eldra húsnæði leikskólans Álfasteins fást ódýrt/gefins "loft" með stiga upp í, lítið skrifborð með skáp og skúffueiningu, tölvuborð, hvítar hillur og hilluberar og eldavél.

Hægt er að skoða þessa hluti á dagvinnutíma. Hugrún Ósk leikskólastjóri, gefur nánari upplýsingar. Síminn er 461 2624.

Nýja gatan heitir Lækjarvellir

Unnið er að skipulagi fyrir nýtt athafna-, verslunar- og þjónustusvæði norðan við vegamót hringvegjar og Blómsturvallavegar. Þar kemur gata sem hlotið hefur nafnið **Lækjarvellir**. Í nágrenninu eru jarðirnar Blómsturvellir og Brávellir og hugsanlega munu þar koma götur í framtíðinni sem hafa endinguna *-vellir*.

Nýir starfsmenn í Íþróttamiðstöð

Það var ekki bara **Helgi Jóhannsson** sem lét af störfum sem forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar um áramót, eins og komið fram í fundargerð sveitarstjórnar. Þá hætti líka **Jónína Björg Grétarsdóttir** störfum eftir margra ára farsælt starf. Við störfum þeirra tóku Lárus Orri Sigurðsson, Akureyri, og Hjördís Haraldsdóttir, Baldursheimi. Auk þeirra vinna í Íþróttamiðstöðinni þau Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir, sem byrjaði í janúar, Friðrik R. Friðriksson og Kristján Jakob Pétursson.

Minkaveiði

Eins og áður hefur komið fram hér í fréttabréfinu, er hafið sérstakt átak til að reyna að útrýma mink í Eyjafirði.

Átakið er í höndum veiðimanna, sem sérstaklega hafa verið ráðnir til þess að sinna því. Ef aðrir verða mink að bana, er mikilvægt að hann sé hirtur í heilu lagi (ekki aðeins skottið eins og verið hefur) og að honum sé komið til veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar á Akureyri.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 21. mars 2007 í Þelamerkurskóla

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 19. mars og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma.